

REGLUR

um breytingu á reglum nr. 1055/2006 um alþjóðlegt meistaranám í auðlindarétti og alþjóðlegum umhverfisrétti (LL.M. in Natural Resources Law and International Environmental Law) við lagadeild Háskóla Íslands.

1. gr.

Við 2. mgr. 3. gr. bætist nýr málslíður svohljóðandi:
D. Lokaritgerð 60 e (ECTS).

2. gr.

Á eftir 3. mgr. 5. gr. kemur nýr málslíður svohljóðandi:
Í sérstökum tilvikum er meistaranema heimilt að skrifa 60 e (ECTS) lokaritgerð enda hafi hann sýnt framúrskarandi árangur í meistaranáminu. Lengd ritgerðarinnar skal vera á bilinu 180-200 bls. (72.000-90.000 orð). Að öðru leyti gilda reglur þessar og almennar reglur laga-deildar um ritgerðir.

3. gr.

Gildistaka og lagastöð.

Ákvæði reglna þessara, sem háskólaráð hefur sett, á grundvelli laga um Háskóla Íslands nr. 41/1999, og 91. gr. reglna nr. 458/2000 fyrir Háskóla Íslands, öðlast þegar gildi.

Háskóla Íslands, 6. mars 2008.

Kristín Ingólfssdóttir.

Þórður Kristinsson.